

I6.tbl.
6.apríl 2026
33 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra



UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA vegna sveitarstjórnarkosninga þann 16. maí 2026 er hafin og fer fram sem hér segir:

Laugum í Reykjadal: Þingey-Stjórnsýsluhús,
6., 7., 11., 13. maí kl. 11:00-14:00, en 15. maí kl. 10:00-12:00.

Mikley Hlíðarvegi 6 Mývatnssveit: Föstudag 8. og miðvikudag 13. maí kl. 11:00-14:00.

Stórutjarnaskóla Ljósavatnsskarði: Þriðjudaginn 12. maí kl. 11:00-14:00.

Húsavík, Útgarði 1, mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00-15:00, en föstudaga kl. 9:00-14:00.
Um helgar, á Uppstigningardag og á kjördag kl. 10:00-13:00.

Akureyri, Strandgötu 1 (Landsbankahúsið við Ráðhústorg), alla virka daga kl. 10:00-18:00.
Um helgar kl. 11:00-15:00. Á kjördag kl. 10:00-17:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).
Unnt er að framvísa rafrænu ökuskírteini.

Umsókn um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skal
berast eigi síðar en *fimmtudaginn 14. maí kl. 10:00*

Allar frekari upplýsingar má finna á www.kosning.is og www.syslumenn.is

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Svavar Pálsson



Þingeyjarsveit

Þingeyjarsveit auglýsir tímabundna afleysingu húsvarðar í Ýdölum og Þingeyjarskóla í júlí 2026

Þingeyjarsveit óskar eftir verktaka til afleysinga við húsvörslu í Ýdölum og Þingeyjarskóla í júlí.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri umsjón með húsnæðinu og búnaði þess ásamt eftirliti
- Minni viðhaldsverkefni og smáviðgerðir ásamt umhirðu lóðar
- Móttaka leigutaka vegna viðburða og upplýsingagjöf til þeirra varðandi umgengni, frágang og aðrar kröfur skv. leigusamningi.
- Þrif eftir fundi og aðra viðburði
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og skipuleg vinnubrögð
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af umsjón fasteigna er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá. Umsóknnum skal skilað á netfangið umsoknir@thingeyjarsveit.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs í síma 512-1800 eða í netfangið margret.holm@thingeyjarsveit.is

Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknnum. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

LEIKSKÓLINN BARNABORG LEITAR AÐ LEIKSKÓLAKENNARA/STARFSMANNI

ATVINNA



Leikskólinn Barnaborg í Aðaldal leitar að áhugasömum kennara eða leiðbeinanda í framtíðarstarf. Leikskólinn er hluti af Þingeyjarskóla, samreknum grunn- og leikskóla í Þingeyjarsveit.

- Um er að ræða 80-100% starf
- Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
- Aðstoð veitt við að finna húsnæði í nágrenni skólans.
- Fáist ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu verða aðrar umsóknir skoðaðar.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.
- Virk þátttaka í skólaþróunarstarfi, skráningu á námi barnanna og reglulegum teymis- og starfsmannafundum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn) eða menntun sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum og þróa öflugt leikskólastarf.
- Góð íslenskukunnátta til að geta átt í hnökralausum samskiptum við börnin og stutt við málþroska þeirra.
- Reynsla af starfi í leikskóla æskileg.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í teymi.
- Sveigjanleiki, jákvæðni og áreiðanleiki.
- Hreint sakavottorð (fylgi umsókn).

UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:

Nanna Marteinsdóttir, skólastjóri:
nanna@thingeyjarskoli.is - 464-3590 / 898-0790

STARFSHLUTFALL

80-100 %

FRESTUR:

15. MAÍ 2026

EDELSTEIN I VOGLER
KLASSÍSK KRUFNING

- óhefðbundnir ljóðatónleikar -

Þorgeirskirkja við Ljósavatn

9. maí kl. 16:00

Skólahúsið á Kópaskerí, í samstarfi við Flygilvini

10. maí kl. 13:00

**Gamli skólinn, Bakkafirði, í samstarfi við
FarNorth Iceland**

10. maí kl. 17:00

Berg, Dalvík

28. maí kl. 20:00

Aðgangseyrir:
2.500 kr



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



KEA